



Til bæjarráðs

Kópavogi, 7. júní 2022
1706264/511.09 BÓK

Efni: Austurkór 34. Afturköllun lóðar.

Á fundi bæjarstjórnar 28. mars 2017 var lóðinni Austurkór 34 úthlutað til núverandi lóðarhafa.

Á lóðinni skal byggja einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðri eða stakri bílageymslu. Heimiluð hámarksstærð húss er 250 m².

Lóðarleigusamningur var þinglýstur 31. maí 2017. Samkvæmt 4 lið lóðaleigusamnings kemur eftirfarandi fram: Eigi síðar en **1. maí 2020** skal hús fullgert að utan, lóð jöfnuð í rétta hæð, rykbundin og gróðri komið fyrir, svo og gengið frá mörkum við aðrar lóðir, götur og/eða opin svæði.

Ennfremur ber lóðarhafa að halda áfram framkvæmdum með eðlilegum hraða að dómi bæjarráðs og ljúka þeim innan hæfilegs tíma. Vanefni lóðarhafi ákvæði þessarar greinar eða standi að öðru leyti ekki við skilmála sbr. 3. gr. er bæjarráði heimilt að afturkalla lóðarleigusamning þennan og leigja lóðina öðrum. Skal bæjarráð þá greiða lóðarhafa þau mannvirki, sem á lóðinni kunna að vera samkvæmt mati.

Samkvæmt byggingarfulltrúa eru framkvæmdir ekki hafnar.

Óskað var eftir framkvæmdaáætlun í október 2021 og ítrekað 28. febrúar 2022.

Umhverfissvið leggur til að lóðin verði afturkölluð

Virðingarfyllst,

Ásthildur Helgadóttir
sviðsstjóri umhverfissviðs